

FERÐIR

LAUGARDAGUR 23. MARS 2013

Kynningarblað

Sólarlandaferðir, siglingar, skíðaferðir, hellaferðir og Eurovision í Malmö.



Úrval Útsýn býður upp á margs konar ferðir í ár líkt og fyrri ár. Sjóðheitar sólarlandaferðir, borgarferðir, siglingar um öll heimsins höf og menningartengdar ferðir um víða veröld.

Ávallt sólskin með Úrval Útsýn

Ferðaskrifstofuna **Úrval Útsýn** þarf vart að kynna fyrir þeim sem eitthvað hafa fylgst með íslenskum ferðamarkaði, en sögu hennar má rekja allt til fyrri hlutar síðustu aldar. Í ár verður hvergi slegið slöku við í úrvali ferða, hvort sem er í sjóðheitum sólarlandaferðum eða heillandi sérferðum.

Okkur langar að byrja á að þakka fyrir viðtökurnar á þeim ferðum sem við höfum verið að kynna, sem hafa vægast sagt verið frábærar. Þetta á bæði við um sérferðir jafnt sem sólarlandaferðir,“ segir Steinunn Tryggvadóttir, sölustjóri Úrvals Útsýnar.

Framboð ferða hefur sjaldan verið jafn fjölbreytt og í ár en auk sólarlandaferða er boðið upp á fjölbreytt úrval sérferða. „Bæði borgarferðir, siglingar og menningartengdar ferðir.“

Úrval Útsýn býður upp á hinar sívinsælu sólarlandaferðir í ár eins og fyrri ár. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þeim og er nú þegar að verða upp-

selt í margar ferðir sumarsins. „Á Spáni bjóðum við til dæmis ferðir til Benidorm og Albír, sem er smábær þar rétt hjá. Eins bjóðum við upp á gistingu í Alicante-borg sem er nýjung hjá okkur. Almería er vaxandi áfangastaður með minni ferðamannastraum en víða annars staðar.“ Steinunn nefnir einnig Costa Brava sem vinsælan áfangastað sem sameinar strönd og borg. „Svæðið er einungis 70 kílómetra frá Barcelona og því fljótlegt að líta þar við.“ Tenerife fellur vel að íslenskum markaði enda veðurfar þar einstaklega gott og jafnt. „Þar er meðalhiti í kringum 30 gráður og því kjörinn staður fyrir okkar viðskiptavini.“

Borgarferðir Úrvals Útsýnar eru ávallt vinsælar og er boðið upp á þriggja til fjögurra náttu ferðir með fararstjórn þar sem gist er á góðum hótélum. „Farið er í stuttar skoðunarferðir og fá gestir því að kynna helstu staðhættum og menningu hvernar borgar. Þetta eru borgir eins og Berlín, Dublin, Liverpool, München og fleiri. Þá sérsníðum við líka ferðir með fararstjórn fyrir hópa.“

Siglingar hafa fest sig í sessi í vöruframboði Úrvals Útsýnar og má þar nefna siglingu um sægrænt Karíbahafið, rómantíska Miðjarðarhafs-siglingu og heillandi siglingu frá Dubai um Súesskurðinn til Barcelona. „Royal Caribbean er eitt besta og virtasta skipa-

félag í heimi með stór og vel búin skip og bjóðum við meðal annars upp á siglingar með þeim. Komið er við í mörgum þekktustu hafnarborgum heims og staldrað þar við.“ Dæmi um viðkomustaði í Miðjarðarhafs-siglingu eru Róm, Sikiley, Aþena, Efesus, Ródos, Santos og Napólí ásamt fleiri stöðum.

Þetta er einungis brot af því sem Úrval Útsýn hefur upp á að bjóða. „Á vefnum okkar www.urvalutsyn.is og á söluskrifstofunni, Lág múla 4, er hægt að kynna vöruframboði og þjónustu okkar betur.

Hlökkum til að sjá ykkur!“



„Það er að seljast upp í margar ferðir okkar,“ segir Steinunn Tryggvadóttir.

Sumarsól 2013
Tenerife Benidorm
Almería Albír
Alicante

Nýr sumarþæklingur!
skannaðu kóðann og skoðaðu þæklinginn

NANAR Á UU.IS

Bakskóli

Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands stendur fyrir gönguferðum fyrir bakveika í apríl – júní.

Léttar gönguferðir með styrkjandi stöðuæfingum 3 í viku auk heimaverkefna og þegar líður á verkefnið verður farið í léttar fjallgöngur.

Bakmeiðsli er hvítleiður kvilli sem hrjáir stóran hóp fólks.

Gönguferðir og styrkjandi æfingar geta í mörgum tilfellum gert gæfumuninn og komið fólki á beinu brautina á ný.

Umsjónarmenn með gönguferðum í bakskólanum eru íþróttakennarar og sjúkraþjálfarar.

Sérstakur kynningarfundur fyrir bakskóla FÍ verður haldinn þriðjudaginn 26. mars kl. 20 í sal FÍ Mörkinni.

Ekki vera í baklás

Skráðu þig inn – drifðu þig út

Ferðafélag Íslands

Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is



Malmö er falleg borg og þar er margt hægt að skoða.

Gott að vera Íslendingur í Malmö

Malmö verður gestgjafaborg Eurovision-keppninnar í maí. Keppnin fer fram í Malmö Arena en hún er nokkuð minna tónleikahús en þau sem hafa hýst keppnina undanfarin ár. **Edda Sigurbjörg** býr í borginni ásamt fjölskyldu sinni.

Margir Íslendingar búa í Malmö en um 300 þúsund manns búa í borginni sem er stutt frá Kaupmannahöfn og Lundi, þar sem margir stunda nám. Edda Sigurbjörg Ingólfsdóttir, meistaranemi í félagsfræði, hefur búið í sex ár í Malmö ásamt sambýlismanni sínum, Smára Árnasyni Snæfeld, og tveimur ungum börnum. Edda, sem er ritari Íslendingafélagsins í Malmö, segir að undirbúningur sé hafinn fyrir Eurovision-keppnina í maí og flest hótél fullbókuð.

„Malmö er fjölskylduvænn staður og hér er mjög gott að búa,“ segir Edda. „Það er mun ódýrara að lifa hér en heima á Íslandi, til dæmis að kaupa í matinn.“

Edda segist helst verða vör við Eurovision-keppnina í gegnum sænsku dagblöðin. Keppnin fer fram í Malmö Arena, sem var tekin í notkun árið 2008. Hún tekur 15.500 manns og þar er alltaf eitthvað um að vera. „Tónleikar eru algengir og svo eru oft íshökkileikar. Þetta er vinsælt tónleikahús. Svíar eru með nokkrar undankeppnir Eurovision og ein þeirra var haldin hér. Það er alltaf mikil stemning fyrir sænsku keppninni en lokakeppnin var í Stokkhólmi,“ segir Edda. „Ég er ekki mikill aðdáandi keppninnar en fylgdist þó með undan-



Edda Sigurbjörg ásamt eldri syni sínum í Folkets Park í Malmö.

keppninni með öðru auganu. Ég ætla hins vegar að fylgjast með aðalkeppninni í maí,“ segir hún. Edda á ekki von á íslenskum gestum í tengslum við keppnina.

Edda segir að Malmö sé mjög vel staðsett borg. „Ég er 20 mínútur í lest til Kaupmannahafnar en ég var að vinna þar á tímabili. Margir sem búa hér starfa einmitt í þar. Það er ýmislegt hægt að gera í Malmö. Mér finnst skemmtilegt að ganga eftir göngugötunni og kíkja í búðir. Síðan er mjög gaman að fara í Folkets Park þar sem alltaf

er eitthvað um að vera, sérstaklega á sumrin þegar ýmsar uppákomur eru úti undir beru lofti. Einnig get ég nefnt Västres Hammen sem liggur við ströndina og ýmis söfn,“ segir Edda sem bætir því við að margir frábærir veitingastaðir séu í borginni og alls ekki dýrt að fara út að borða. „Það er alltaf eitthvað um að vera hérna og við erum ekki á heimleið.“

Edda segir að hún búist við að borgin lifni við í maí þegar Eurovision-keppnin fari fram. Vonast er eftir miklum fjölda ferðamanna.



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

Velkomin á Færeyjardaginn
í Norræna húsinu
6. apríl kl. 13-16, kynning, tónlist, dans og fl.

Viltu vinna ferð fyrir tvo til

Fallegu Færeyja?

Réttu svörin er að finna í Færeyjarblaðinu sem kom með Fréttablaðinu 16. mars eða á visitfaroeislands.com.

Rafræn útgáfa blaðsins er á: www.smyrilline.is
og á Facebook: Smyril Line Ísland

Taktu þátt í getrauninni og sendu svörin til:
info@visitfaroeislands.com eða info@visitfaroeislands.fo

Þú gætir haft heppnina með þér og unnið ferð með ferju eða flugi!
Svör skulu send inn fyrir 7. apríl 2013

1. HVADÁ FÆREYSKI HÖNNUÐUR EÐA HÖNNUNARTVÍEYKI HANNAR FÖT SEM LENNY KRAVITZ KAUPIR MEDAL ANNARRA?

A: Guðrun&Guðrun
B: Steinum
C: Barbara í Gongini

2. HVENÆR VAR FYRSTI VEITINGASTAÐURINN SEM NOTAR FÆREYSKT HRÁEFNI Í JAPANSKA MATARGERÐ OPNAÐUR?

A: 2009
B: 2010
C: 2011

3. FRÁ HVADÁ BÆ ER FÆREYSKI LISTMÁLARINN EDWARD FUGLØ?

A: Klaksvík
B: Þórshöfn
C: Fuglafirði

4. Á HVADÁ FÆREYSKU EYJU ER HINN FAGRI HVANNHAGI?

A: Streymoy / Straumey
B: Sandoy / Sandey
C: Suðuroy / Suðurey

5. HVADÁ MERKISAFMÆLI HALDA SIFNÓNÍUHLJÓMSVEIT FÆREYJA OG NORRÆNA HÚSIÐ UPP Á Í ÁR?

A: 20 ára
B: 30 ára
C: 40 ára

Ég vil taka þátt í spurningaleikum um ferð fyrir tvo til Færeyja með:

• Flugi
• Ferju



ATLANTIC AIRWAYS

Væl á veg

Með flugi:
Atlantic Airways-Hótel Hafnia

Flugferð fyrir tvo frá Reykjavík til Færeyja. Bílaleigubíll í fjóra daga og gisting í fjórar nætur á fjögurra stjörnu hótelinu Hótel Hafnia í miðbæ Þórshafnar með morgunverði, ásamt einum kvöldverði á vinsælasta fiskihlaðborði bæjarins.



Með ferju:
Norræna-Hótel Færeyjar

Ferð með Norrænu frá Seyðisfirði til Þórshafnar fyrir tvo með bíl. Káeta með útsýni og kvöldverður um borð. Fjórar nætur á fjögurra stjörnu hótelinu Hótel Færeyjar með morgunverði, ásamt einum fjögurra rétta kvöldverði með vini á veitingastaðnum Koks.


visitfaroeislands.com

Ert þú að borga of mikið fyrir fríð?

Á Dohop er hægt að finna ódýrt flug, bílaleigubíl og hótél á einum stað. Síðan hentar sérstaklega vel þegar ekki er til beint flug á milli staða. Sérstaða Dohop er einkum fólgin í því að síðan tengir saman flugleiðir sem aðrar leitarvélur geta ekki.

Dohop er einföld leitarvél á netinu sem auðveldar fólki að finna ódýr flug, hótél og bílaleigur um allan heim. Dohop.is leitar hjá fjölda síðna og raðar niðurstöðum í röð eftir verði. Notandinn velur svo þá niðurstöðu sem honum líst best á og bókar ferðina á síðu flugfélags eða ferðaskrifstofu. „Dohop er leitarvél eins og Google, nema sérsniðin fyrir flug, hótél og bílaleigubíla,“ segir Kristján Guðni Bjarnason, framkvæmdastjóri Dohop.

Hvað gerir Dohop?

Margir kannast við að eyða mörgum stundum í að finna ódýrt og gott flug á áfangastað, einkum þegar ekki er til beint flug á milli staða. Hugmyndin að Dohop kom einmitt upp á slíkri stundu þegar einn stofnenda þess eyddi kvöldstund við að finna heppilegt og ódýrt flug frá Suður-Frakklandi til Íslands. Til að finna góða og ódýra leið þurfti hann að leita á fjölmörgum vefsíðum flugfélaga og ferðaskrifstofa, púsla saman mögulegum flugleiðum og reikna út heildarverð í höndunum. Í dag gerir Dohop þetta á nokkrum sekúndum.

Þín eigin ferðaskrifstofa

Sérstaða Dohop er einkum fólgin í flugleitarvélinni en hún tengir saman flugleiðir sem aðrar leitarvélur geta ekki. Til dæmis má nefna ferð til Mallorca á Spáni en leit á Dohop sýnir samsetta ferð



Með tilkomu Dohop er hægt að púsla saman mögulegum flugleiðum og reikna út heildarverð á nokkrum sekúndum en áður gat það tekið heila kvöldstund.

með easyJet og WOW air. Ferð sem ekki er að finna annars staðar á netinu og kostar um 54.000 krónur með tveimur aðskildum bókunum. Aðrar síður myndu annaðhvort segja að ekki væri í boði að fara frá Íslandi til Mallorca eða rukka yfir hundrað þúsund fyrir flugið. Verð á nótt fyrir tvo á


þriggja stjörnu hóteli á Mallorca er frá 6.000 krónum á Dohop. Því getur tveggja vikna ferð til Mallorca á þriggja stjörnu hóteli verið undir 100.000 krónum á mann.

Hótél og bílaleigur

Hjá Dohop er einnig auðvelt að finna hótél og bílaleigubíla. „Við erum líka

með leitarvél fyrir hótél og bílaleigubíla og því geta ferðalangar farið á einn stað og bókað allt fríð sitt. Við vitum öll hversu mikill tími getur farið í að leita til dæmis að ódýru en jafnframt góðu hóteli. Jafnan fara einstaklingar á margar vefsíður og bera saman verð, staðsetningu, upplifun annarra og svo framvegis.

Þetta getur verið mjög tímafrekt,“ segir Kristján. Hótelleit Dohop nær í upplýsingar frá yfir tuttugu síðum og setur saman á einn stað. Upplýsingarnar eru fengnar frá helstu hótel-leitarsíðum heims, svo sem Booking.com, Hotels.com og Expedia, og því nóg að fara á dohop.is. Það sama gildir þegar leigja þarf bíl.



Dohop sýnir samsetta ferð með easyJet og WOW air til Mallorca en hana er ekki að finna annars staðar á netinu. Ferðin kostar um 54.000 krónur með tveimur aðskildum bókunum. Aðrar síður myndu annaðhvort segja að ekki væri í boði að fara frá Íslandi til Mallorca eða rukka yfir hundrað þúsund fyrir flugið.

MYNDI/GVA

Leiðangur inn í iður jarðar


Hellaferðir heilla marga enda skemmtileg upplifun að feta sig eftir dimmum göngum neðanjarðar. Ekki þarf að leita langt eftir áhugaverðum hellum á höfuðborgarsvæðinu. Hellarannsóknarfélagið bendir á nokkra aðgengilega hella í nágrenni Reykjavíkur á vefsíðu sinni www.speleo.is. Þar er einnig að finna fréttir og leiðbeiningar um hvernig best sé að bera sig að í hellaleiðöngrum.



Arnarker í Ölfusi er stór og mikill hellir skammt frá Þorlákshöfn. Hann hentar vel þeim sem eru vel á sig komnir því hellirinn er mikið hruninn og þarf að ganga inn eftir honum nánast öllum á hvössu stógrýti. Hellirinn er um 500 metra langur, hellisgöngin eru hvergi þröng utan smá þrængsla rétt fremst en víða er mjög hátt til lofts og vítt til veggja. Í hellinum er oft mikill ís síðla vetrar og fram á vor og verður því að fara með enn meiri gát. Nauðsynlegt er að taka með sér gott ljós til að njóta ískertanna sem eru í hellinum síðvetrar og skapa mikla ævintýrastemningu. Skilti er við veginn (nr. 42, Krýsuvíkurvegur) og er leiðin að hellinum stíkuð og því auðvelt að finna hann.



Raufarhólshellir er einn þekktasti hellir á Suðvesturlandi. Hann er á leiðinni til Þorlákshafnar. Varasamt er að fara í hellinn á veturna og fram eftir vori vegna ísmyndana sem í honum eru en þá er hellirinn líka fallegastur á að líta. Nauðsynlegt er að hafa góð ljós til að skoða Raufarhólshelli því hann er stór og mikill en heildarlengdin er 1.360 metrar. Þá er yfir stógrýti að fara mestalla leiðina og mikilvægt að menn séu í góðu formi og vel útbúnir.



Flóki er stærsti hellir í Dauðadölum sunnan við Helgafell ofan Hafnarfjarðar. Hellirinn er um þúsund metrar að lengd. Flóki teygir arma sína víða og er einn sérkennilegasti og flóknasti hellir landsins og nafn hans af því dregið enda átti sauðfé það til að ráfa þangað inn og rata ekki út aftur. Hellismunnarnir eru fjölmargir. Hnéhlífar eru þarfur búnaður þegar Flóki er sóttur heim því víða þarf að beygja sig, vera á fjórum fótum og til að fara um allan hellinn þarf að leggjast á magann sums staðar. Auðvelt er fyrir ókunna að villast í hellinum.



Gjábakkahellir á Þingvöllum er opinn í báða enda og því óþarfi að ganga bæði fram og til baka. Heildarlengd hellisins er 364 metrar. Gjábakkahellir hefur margt að bjóða hellaförum. Hellismunnarnir eru örskammt frá vegi, í hellinum er allajafna töluvert um ísmyndanir, þar eru spenar, storkuborð og ýmsar aðrar hraunmyndanir sem gleðja augað.

Guðni Gunnarsson og Gunnar Guðnason tóku myndirnar með greininni fyrir utan myndina af hellinum Flóka. Upplýsingar um fleiri hella er að finna á www.speleo.is.

NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR

Hellaferðir krefjast ekki mikils útbúnaðar en einhver lágmarksbúnaður er þó nauðsynlegur.

Ljós: Best er að vera með tvö ljós. Eitt höfuðljós, en þannig er auðveldara að nota hendurnar til að styðja sig, og annað lítið vasaljós til vara. Nær útilokað er að komast ljóslaus leiðar sinnar í myrkum helli. Kerti og kyndlar eru ótryggt ljós auk þess sem af þeim hlýst sóðaskapur.

Hjálmur: Best er að vera með hjálmu. Reiðhjólshjálmur dugur en húfa er betra en ekkert því auðvelt er að skera sig á skörpum nibbum.

Vettlingar: Til að forðast skrámur og meiðsl á höndum.

Skór: Góðir gönguskór með stuðningi því annars er auðvelt að misstíga sig.

Mikilvægt er að láta vita af sér eða skilja eftir einhver ummerki á yfirborði, eins og yfirhafnir eða bakpoka. Þá er afar mikilvægt að ganga vel um og skilja ekki eftir rusl í hellum eða skemma myndanir í hellinum.



FREISTANDI FERÐAUPPLIFUN Í EVRÓPU

Glæsilegar sérferðir með íslenskum fararstjórum

München – borg menningar og lista

23. – 28. apríl

Verð frá **111.900 kr.*** á mann í tvíbýli.

Glæsileg þriggja daga menningarferð til München. Gamli bærinn, Schwabing, Ólympíu-svæðið og bæverskur bjór undir kastanutrjám.

Leyndardómar Lundúnaborgar

17. – 20. maí

Verð frá **111.900 kr.**** á mann í tvíbýli.

Spennandi tækifæri til að heimsækja staði í heimsborginni, sem fæstir hafa komið til áður, og m.a. siglt um Thames.

Ítalía, matur, vín og menning í 7 daga

3. – 10. júlí

Verð frá **169.900 kr.***** á mann í tvíbýli.

Ævintýraferð til Ítalíu. Gönguferðir, piknikk, spennandi veitingastaðir og náttúrufegurð við Comovatn og nágrenni.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á icelandair.is

   Vertu með okkur

ICELANDAIR



ÁHUGAVERÐ SÖFN Í LONDON

Fjöldi Íslendinga fer til Lundúna árlega. Oxford Street, verslanir og veitingastaðir eru fastir áfangastaðir ferðalanganna. Þeir sem vilja gerast menningarlegir geta valið úr fjölda safna í stórborginni. Þau helstu eru:

British Museum. Heimsins elsta þjóðminjasafn og einn helsti viðkomustaður ferðamanna enda kostar ekkert inn. Safnið opnaði árið 1759 og í því er að finna sex milljónir muna frá öllum heimshornum.

National Gallery. Hér má finna listaverk eftir listamenn á borð við Michaelangelo og Van Gogh.

Science Museum. Vísindasafnið er á sjö hæðum og þar er að finna allt um vísindaafrek mannsins allt frá 1829.

National Maritime Museum. Í sjóminjasafninu er til dæmis hægt að sjá blóði drifinn jakka Nelsons aðmírals sem hann klæddist á bardaganum við Trafalgar.

Tower of London er að hluta virki frá miðöldum og að hluta safn. Byggingin hefur þjónað mörgum hlutverkum, meðal annars sem fangelsi.

Gönguferðin þín er á utivist.is



Skoðuðu ferðir
á utivist.is



INNBRÖTUM FÆKKAR

Í nýjustu tölum um afbrotatíðni frá Ríkislögreglustjóra kemur fram að innbrotum hefur fækkað úr 2.700 innbrotum í 1.300 á milli ára, eða um 50 prósent. Þó að svo sé er þarft að minna fólk á að ganga



vel frá hóbólum sínum áður en haldið er í lengra frí. Á heimasíðu Sjóvá er ráðlagt að einhver sé fenginn til að fylgjast með eigninni komi

eitthvað upp á. Þá er gott að taka rafmagnstæki úr sambandi. Þjófur leita ummerkja um að enginn sé heima og því er gott að láta þann sem fylgist með eigninni fjarlægja póst sem safnast fyrir. Þá er hægt að fá tímastilli á ljós sem kveikja og slökkva og fæla ef til vill frá þjófa.



Jónas segir allt þurfa að vera búið eftir aðstæðum og að gott sé að vera við öllu búinn þegar haldið er í ferðalagi.

MYND/VILHELM

Förum í örugga ferð

Um páska leggja margir land undir fót. Jónas Guðmundsson verkefnastjóri **Slysavarnarfélags Landsbjargar** segir mikilvægt að vera með réttan útbúnað og undirbúa sig vel. Þannig aukist líkur á góðu ferðalagi og góðum minningum.

Páskarnir eru mikill ferðatími og flykkist fólk út um land allt á hina ýmsu staði. Mjög margir dvelja í sumarústöðum, aðrir fara á skíði og annar hópur fer í fjalla- og jöklaferðir á jeppum og snjóslæðum auk þess sem göngugarpar leggja land undir fót. „Við erum ekki með neinn sérstakan viðbúnað en við tryggjum hins vegar að fólk sé til staðar hjá öllum björgunarsveitum svo þær séu tiltækar ef þörf krefur,“ segir Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörg.

Margir á ferð

Jónas segir ferðamannastraum margfaldast yfir páska og að oft fjölgi útköllum í kjölfarið þótt ekki sé það gefið. „Þetta fer mjög eftir veðri. Stundum getur meira að segja gott veður leitt til fleiri slysa, einfaldlega vegna þess að það hvetur fleiri til útivistar og ferðalaga. Samanborið við venjulega viku eru þó oftast fleiri útköll um páska en venjulega.“

Nesti og teppi

Góð regla er að hafa ávallt með sér nesti og yfirbreiðslur í bílnum sé ætluð að halda af stað í langferð. „Við höfum lent svolítið í því í vetur að fólk hefur verið að festa sig og er ekki með neitt nesti né yfirhafnir í bílnum. Það getur verið vont að þurfa að bíða í nokkra klukkutíma eftir aðstoð í köldum bíl með ekkert að borða

og ekkert til að hlýja sér. Þetta þarf ekki að vera meira en teppi eða svefnpoki og tveir kexpakkar.“

Ferðaáætlun

Ferðaáætlun er gott öryggistæki og inn á vefnum www.safetravel.is er hægt að gera slíka. „Það auðveldar leitarfólki mikið að leita ef ferðaáætlun liggur fyrir. Leitin verður markvissari og það kemur í veg fyrir að tími fari til spillis við að leita á röngum stöðum.“

Fjarskiptatæki með í för

Fjarskiptatæki sem virka á svæðinu þurfa að vera meðferðis hvort sem það er farsími, talstöð eða gervihnattasími. „Ég mæli því með að fólk kanni hvernig samband er á því svæði sem á að ferðast um áður en lagt er af stað. Einnig er mikilvægt að kynna sér veðurspá og almennar aðstæður á svæðinu.“

Allt eftir aðstæðum

Útbúnaður þarf að vera eftir aðstæðum og gott er að fara vel yfir hann með góðum fyrirvara. „Hvort sem um er að ræða bifreið, fatnað, skyndihjálpartösku og fleira. Allt þarf að vera búið eftir aðstæðum og gott er að vera við öllu búin,“ segir Jónas að lokum og bætir við. „Inni á Safetravel er líka að finna lista yfir tillögur að búnaðarlistum fyrir flestar tegundir ferða.“

Siggi Hlö

Veistu hver
ég var?

Laugardaga
kl. 16 – 18.30



BYLGJAN
989

Akureyri er frábær staður til að heimsækja um páskana

Öll fjölskyldan getur fundið eitthvað við sitt hæfi á Akureyri um páskana. Úrval gisti- og veitingastaða er mikið og fjölbreyttir viðburðir eru í boði fyrir alla aldurshópa. Hlíðarfjall dregur alltaf marga gesti til Akureyrar enda aðstaðan góð og veðurspáin lofar góðu.

Akureyri hefur fyrir löngu skipað sér sess meðal landsmanna sem páskabær enda fjölmenna landsmenn þangað á hverju ári. Páskaævintýri á Akureyri er ógleymanleg upplifun fyrir fólk á öllum aldri enda er úrval



María H. Tryggvadóttir

gististaða og afþreyingar mjög mikið. Margir gestir heimsækja Akureyri yfir páskahátíðina til að stunda skíði í Hlíðarfjalli, upplifa fjölbreytt menningarlíf bæjarins

eða njóta góðra veitinga á fjölmörgum veitingahúsum sem Akureyri býður upp á. María H. Tryggvadóttir, verkefnastjóri ferðamála hjá Akureyrarstofu, segist eiga von á miklum fjölda gesta eins og undanfarin ár enda sé langtímaspáin góð og sjaldan eða aldrei hafi jafnmikið úrval afþreyingar verið í boði fyrir gesti. „Páskarnir eru frábær tími til að heimsækja Akureyri. Brekkur Hlíðarfjalls fyllast af ánægðu skíða- og brettafólki á öllum aldri, menningin verður í blóma sem aldrei fyrr, gestir gera vel við sig í mat og drykk og svo eigum við eina albestu sundlaug landsins sem er mjög vinsæl meðal bæjarbúa og aðkomumanna á öllum aldri.“

Fjölmarga gististaði í öllum verðflokkum er að finna í bænum. Þrátt fyrir mikla aðsókn er enn nóg af gistiplássi laust í bænum, að sögn Maríu, sem hvetur þó gesti til að vera tímanlega í bókunum. Yfir fimmtán veitingastaðir eru á Akureyri af öllum stærðum og gerðum. „Hér má finna allt frá asiskum veitingastað yfir í „gourmet“ veitingastaði í hæsta gæðaflokki. Um páskana verður einnig nýr og glæsilegur veitingastaður opnaður við bryggjuna sem heitir Bryggjan. Gestir okkar munu því örugglega finna eitthvað við sitt hæfi.“ Allar nánari upplýsingar um hvað er í boði yfir páskana á Akureyri má finna á www.visitakureyri.is.

Skíðaparadís í Hlíðarfjalli

Hlíðarfjall mun eins og venjulega fyllast af skíða- og brettafólki á öllum aldri um páskana enda er það orðinn fastur liður í lífi margra skíðamanna að eyða páskunum á Akureyri. Mikill snjór er í fjallinu þessa dagana og spáin fyrir páskana er hagstæð. Skíðasvæðið er einungis í sjö mínútna fjarlægð frá bænum og því stutt að fara fyrir gesti. Svæðið býður upp á eina stólalyftu og fimm toglyftur, auk

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er í sjö mínútna fjarlægð frá Akureyri. Hægt er að fá leigð skíði og bretti og boðið er upp á skíðaskóla fyrir börn.

MYNDR/AUBUNN NIELSSON, RAGNAR HÖLM O.F.L.



eins færíbands fyrir yngstu kynslóðina. Brekkurnar í Hlíðarfjalli henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Aðstandendur skíðasvæðisins búast við 1.500-2.000 manns á dag yfir páskana þannig að það verður mikið líf og fjör í brekkum fjallsins. Skíðaskóli verður rekinn yfir páskana fyrir börn á aldrinum fimm til tólf ára. Hann stendur yfir frá kl. 10 til 14 og hægt er að panta tíma á vef Hlíðarfjalls, www.hlidarfjall.is. Börnin læra auk þess að útbúa eigin pitsur sem þau snæða í hádegismat. Næsta fimmtudag verður einnig boðið upp á snjóskúlptúránámskeið fyrir 8-12 ára krakka þar sem þeir læra að búa til listaverk úr snjó. Tvær veitingasölur selja veitingar í Hlíðarfjalli og boðið er upp á öflugna skíða-, snjópotu- og brettaleigu auk þess sem eldra fólk getur pantað sér einkatíma í skíðakennslu. Það er því engin afsökun lengur að eiga ekki eða kunna ekki á skíði því Hlíðarfjall býður upp á alla þjónustu fyrir gesti sína. Yfir páskana verður einnig boðið upp á lífandi tónlist alla daga en dagskráin miðast við veður og stemningu hverju sinni. Hljómsveitin Molta frá Akureyri stígur á svið og Jónsi úr hljómsveitinni Í svörtum fötum og Ingó trúbador taka nokkur lög, auk fleiri listamanna. Páskarnir hafa því sjaldnast lofað eins góðu á Akureyri.



Frábær stemning er í Hlíðarfjalli hjá öllum aldurshópum.

MYND/ AUBUNN NIELSSON, RAGNAR HÖLM O.F.L.



FJÖLBREYTT DAGSKRÁ UM PÁSKANA

Fjölbreytt menningarlíf einkennir Akureyri um páskana. Gestir geta notið leiklistar og fjölbreyttra tónleika. Fjöldi veitingahúsa og kaffihúsa eru í bænum og margvísleg afþreying er í boði fyrir alla aldurshópa.

Leikhúslíf á Akureyri

Leikfélag Akureyrar sýnir verkið Kaktusinn yfir alla páskana í Samkomuhúsinu. Auk þess verða nokkrar gestasýningar í gangi yfir páskana, til dæmis Skoppa og Skritla, sem sýna í Menningarhúsinu Hofi, og Silfurfiskur eftir Áslaugu Jónsdóttur, sem sýndur verður í Samkomuhúsinu. Auk sýninga leikfélagsins eru ýmis áhugamannaleikhús með sýningar í næsta nágrenni Akureyrar. Þar má meðal annars nefna verkið Dagatalsdómurnar sem Freyvangsleikhúsið sýnir og Djáknann frá Myrká sem sýnt er á Melum í Hörgárdal. Gestir Akureyrar hafa því úr fjölbreyttri flóru leikverka að velja yfir páskana.

Tónleikar

Græni hatturinn á Akureyri er einn frægasti og vinsælasti tónleikastaður landsins, bæði meðal áhorfenda og tónlistarmanna. Flestir frægustu tónlistarmenn þjóðarinnar hafa haldið tónleika þar og staðurinn býður upp á fjölbreytta tónlist fyrir fólk á öllum aldri. Um páskana spila meðal annars Magnús og Jóhann, Hvannaldsbræður, Jónas Sig og Ritvélur framtíðarinnar og Todmobile. Menningarhúsið Hof lætur sitt ekki eftir liggja. Þar má sjá yfir páskahátíðina stórtónleika með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem flytur á skírdag sínfóníu nr. 6 eftir Tsjajkovskí og lög úr kvikmyndinni

Stjörnustríð eftir John Williams. Heiðurshljómsveitin Killer Queen heldur stórtónleika en hún leitast við að ná fram og mynda hina sönnu tónleikastemningu sem einkenni hljómsveitina goðsagnakenndu, The Queen. Óskar Pétursson mun einnig taka á móti landsþekktum listamönnum við undirleik hljómsveitar sem skipuð er norðlensku tónlistarfólki. Ekki má gleyma heimamönnum í 200.000 naglbitum sem fagna 20 ára starfsafmæli í ár. Hljómsveitin heldur tónleika í Hofi um páskana.

Aðrir viðburðir

Af öðrum skemmtilegum viðburðum sem finna má á Akureyri yfir páskana má nefna Dynheimaballið í Sjallanum. Böllin í Dynheimum voru haldin á árum áður og nutu mikilla vinsælda meðal bæjarbúa og nággranna þeirra. Undanfarin ár hafa þau verið endurvakin um páskana en þar ræður „eighties“ tónlistin ríkjum og litfögur fót sem ballgestir finna í kössum uppi á háalofti. Flestöll söfn bæjarins verða opin yfir páskana en bærinn býr yfir miklu úrvali skemmtilegra safna fyrir alla aldurshópum. Þar er meðal annars hægt að skoða fjölbreytt úrval flugvéla og annarra sýningargripa sem tengjast íslensku flugsögu, gömul leikföng, minjar úr sögu bæjarins og nútímalist.




PÍSLARGANGAN

Hin árlega píslarganga verður gengin kringum Mývatn á föstudaginn langa, þann 29. mars. Þetta verður nítjándi gangan en sú fyrsta var farin árið 1994 þegar fjórir heimamenn ákváðu að ganga rangsælis kringum vatnið á föstudaginn langa. Síðan þá hefur fjöldi göngufólks aukist jafnt og þétt og verið mest um 250 manns.

Hringurinn er alls um 36 kílómetrar. Undanfarin ár hefur gangan hafist við Reykjalíðarkirkju þar sem haldin er stutt athöfn í kirkjunni áður en hópurinn leggur af stað. Á leiðinni gefst einnig tækifæri til að koma við í Skútustaðakirkju og hlusta á upplestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar.

Eftir stranga göngu geta göngugarpar svo látið líða úr sér í heitum jarðböðum og einnig bjóða sum hótél og gististaðir í Mývatnssveit upp á sérstök tilboð yfir páskana.

Nánar má forvitnast um Píslargönguna og ferðþjónustu kringum Mývatn á www.visitmyvatn.is.



Hallgrímur Pétursson.



VIÐBURÐIR Á SIGLUFIRÐI

Hollenski myndlistarmaðurinn Joris Rademaker opnar sýningu á verkum sínum í Kompunni, Alþýðuhúsinu á Siglufirði í dag. Joris hefur verið búsettur á Akureyri undanfarin 20 ár og kennt við Brekkuskóla samhliða listsköpun. Í Kompunni sýnir hann verk úr fundnum efnunum og gúmmí.

Þá verður fimmta sýning leiksýningarinnar Stöngin inn sýnd í kvöld í Tjarnarborg. Verkið fjallar um karlmenn í litlu bæjarfélagi sem settir eru í kynlífsbann af konum sínum vegna of mikils knattspyrnuáhuga. Guðmundur Ólafsson semur og leikstýrir verkinu en uppsetningin er samstarf allra leikfélaganna í Fjallabyggð.

Sjá nánar á www.siglo.is

UM ÓBYGGÐIR ÚR SÓFANUM HEIMA

Margir hafa eytt drjúgum tíma í að skoða borgir heimsins, götu fyrir götu, í gegnum Google Street View. Þar til nú hefur ekki gefist sama tækifæri til að skoða þjóðgarða heimsins á jafn nákvæman hátt. Því eru gleðitíðindi að áhugasamir ferðalangar geta nú kannað fegurstu náttúruperlur jarðar í gegnum tölvuna, rétt eins og þeir væru þar staddir sjálfir. Google Street View hefur samsé farið með ljósmyndavélar sínar út í villta náttúruna með Street View Trekker, nýju ljósmyndakerfi sem borið er eins og bakpoki. Með því hafa náðst 360 gráða nærmyndir af ferðalagi um eitt stórbrotnasta náttúruundur veraldar, sjálft Miklagljúfur í Arizona. Það sem fyrir augu ber er hrífandi víðsýni úr bakpokamyndavélum Trekkers; margar af fyrstu myndum sögunnar teknar með þessari nýju tækni. Meðal glæsilegra könnunarleiðangra má nefna rölt yfir Svörtu brúna sem byggð var úr víði yfir Colorado-á árið 1928 og tengir saman norður- og suðurbrún hins hrikalega Miklagljúfurs.



flugrútan

Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkid með snjallsímanum og kynntu þér áætlunina.

